

Fundarstjórar - góðir félagar.

Við höfum nú tæmt dagskrá þess sjötta – ársfundar ASÍ.

Þetta eru búnir að vera viðburðaríkir dagar og ég er þeirrar skoðunar að við höfum komist yfir mikið efni á þó ekki lengri tíma. Þannig voru hnattvæðingunni og stöðu launafólks gerð ítarleg skil í framsögu í gær og síðan áfram í málstofum og nefndum. Við kynntumst afrakstrinum af nefndastarfinu í dag og ég er þess fullviss að sú vinna verður okkur góð leiðsögn í þeirri vinnu sem er framundan.

Framsögurnar í málstofunum og þær umræður sem þar fóru fram voru afar fróðlegar. Það versta var að geta ekki tekið þátt í þeim öllum. Það liggur hins vegar eftir umtalsvert efni úr þeim sem við munum geta notfært okkur á marga lund í vinnunni framundan.

Fyrir ársfundinum lágu róttækar tillögur um breytingar á skipulagi Alþýðusambandsins. Það liggur fyrir að þær hlutu ekki brautargengi á fundinum. Ég hef ekki áhyggjur af því að við missum fótana þrátt fyrir þessa málalyktir. Þessi niðurstaða er staðfesting á að allstór hluti ASÍ er væntanlega sáttur við það skipulag sem við búum við. Í mínum huga er það engu að síður ljóst að miðað við þær breytingar sem hafa orðið í okkar umhverfi á síðustu árum og eru fyrirséðar í næstu framtíð þá hljóta skipulagsmálin að verða ágeng.

Það eru mörg sóknarfæri fyrir launafólk og ég held að þeim viðhorfum sé að vaxa fylgi að það sé farsælla að ganga af gætni og ábyrgð um gleðinnar dyr, en ekki með því yfirbragði græðgi og fyrirhyggjuleysi sem við höfum orðið vitni að undanfarið.

Við munum áfram leggja okkar af mörkum í þessu efni og leita allra leiða til að rödd okkar heyrst og hagsmunir launafólks séu hafðir í forgrunni. Ég horfi meðal annars með bjartsýni til væntanlegra viðræðna við BSRB og ef til vill fleiri samtök opinberra starfsmanna í því sambandi. Hagdeildin kynnti haustspána eins og venja er um þetta leyti og það eru að sumu leyti jákvæðari teikn á lofti í efnahagslífinu en oft áður, þótt verðbólga sé auðvitað langt yfir því sem við getum sætt okkur við.

Á þessu ári höfum við minnst þess með ýmsum hætti að það eru 90 ár frá því að Alþýðusambandið var stofnað. Hér í salnum má sjá ýmsar áminningar um sigra og áfanga í 90 ára samfelldri baráttusögu. Það væru ýkjur að halda því fram að þetta hafi verið ein samfelld sigurganga og það hafa skipst á skin og skúrir.

Mig langar þó að biðja ykkur sem snöggvast, félagar, að reyna að gera ykkur í hugarlund hvernig væri umhorfs á Íslandi ef verkalýðshreyfingarinnar hefði ekki notið við. Það er auðvitað engin leið fyrir okkur að segja nákvæmlega til

um hvernig hlutirnir væru, en ég held að við getum öll verið sammála um að þeir væru talsvert öðruvísi. Það væri ekki jafn gott og raun ber vitni að búa á Íslandi. Við byggjum ekki við þau lífskjör sem við búum við í dag.

Vissulega hefur þetta oft verið óttalegt streð og stundum finnst manni hvorki ganga né reka. Þegar upp er staðið og við lítum um öxl – þá sjáum við fljótt að vinnan hefur skilað okkur heilmiklu. Það er ágætt að gera það og við eigum að láta það eftir okkur stundum að staldra við, líta um öxl – segja við okkur: Þetta var nú ekki svo slæmt hjá okkur. Við stóðum okkur bara ágætlega. Með vinnunni höfum við átt stóran þátt í að skapa samfélag, og þetta samfélag - okkar veröld – er baráttunnar virði.

Það líður að lokum þessa fundar.

Ég vil sérstaklega þakka ykkur fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér með því að kjósa mig forseta til næstu tveggja ára. Jafnframt vil ég óska þeim sem hér hafa verið kjörnir til starfa í miðstjórn til hamingju. Þar koma inn sem nýir aðalmenn í miðstjórn Ragna Larsen, Örn Friðriksson og til vara Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, Hilmar Harðarsson og Níels Olgeirsson sem tekur sæti sem varamaður en var áður aðalmaður í miðstjórn. Einnig vil ég þakka Jóni Inga Kristjánssyni fyrir samstarfið en hann lét af störfum á árinu og sömuleiðis Þorsteini Gunnarssyni en hann hættir nú sem varamaður í miðstjórn.

Að lokum vil ég þakka fundarstjórum og riturum fyrir störf sín, sem hafa gengið fram af mikilli röggsemi.

Við skulum gefa þessum félögum okkar gott klapp.

Jafnframt þakka ég starfsfólki Alþýðusambandsins og öðrum þeim sem hafa tekið þátt í að gera framkvæmd fundarins jafn góða og hún hefur verið. Hún hefur verið með miklum ágætum.

Ég vil biðja starfsfólkið að koma í salinn og gefa okkur kost á að þakka fyrir með lófaklappi.

Félagar,

Ég þakka ykkur fyrir samstarfið þessa tvo daga og óska öllum góðrar heimferðar.

Sjötta ársfundi Alpýðusambandsins er slitið.